

GJALDSKRÁ

Um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Kjósarhreppi heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og reksturs nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni í sveitafélaginu sem er ákvörðuð af sveitarstjórn og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði.

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður úrgangur 240 l ílát 25.000 kr.

Lífúrgangur 240 l ílát 15.000 kr.

Pappi og pappír 240 l ílát 12.500 kr.

Plast 240 l ílát 12.500 kr.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húsráðandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og íláts. Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðvar:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði, 25.000 kr.

Atvinnuhúsnæði, 50.000 kr.

Innheimta skal gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði, 24.000 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 35.000 kr.

4. gr.

Inneignarkort

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar og annað fast eða breytilegt gjald fyrir íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. lögbýli, fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 5 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.

Allir fasteignaeigendur atvinnuhúsnaðis sem greiða fast gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 10 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar og annað fast eða breytilegt gjald fyrir íbúðarhúsnaði auk gjalds vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 10 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi, 5.000 kr.

Inneign færist ekki á milli ára.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er.

5. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við rúmmál þess úrgangsmagns sem skilað er inn. Allur úrgangur er gjaldskyldur við skil nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn rúmmeter af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi sem ekki ber úrvinnslugjald.

6.500 kr.

6. gr.

Óbyggðar lóðir.

Grunngjald óbyggðar lóðir 7.000 kr.

7. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kjósarhrepps þann 7. febrúar 2024. Gjaldskráin öðlast þegar gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1711/2022 vegna söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi og gjaldskrá nr:1726/2022 fyrir móttöku úrgangs í Kjósarhreppi

Kjósarhreppur, 7. febrúar 2024. 2024.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.